

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 125 (2.9.2024) - Aðalskipulagsbreyting, Eiðar, frístundasvæði

Málsnúmer : 202207050
Málsaðili : Eiðar village ehf.
Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar
Fundardagur : 02.09.2024

Inngangur : Tillaga um breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs vegna frístundasvæðis við Eiða lauk þann 2. ágúst sl. og bárust athugasemdir sem taka þarf afstöðu til í samræmi við 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga. Fyrir liggur minnisblað með drögum að umsögn um athugasemdirnar. Jafnframt er lagt fram minnisblað frá málsaðila með frekari upplýsingum sem óskað var eftir á síðasta fundi ráðsins.

Niðurstaða : Tillaga um breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs vegna frístundasvæðis við Eiða lauk þann 2. ágúst sl. og bárust athugasemdir sem taka þarf afstöðu til í samræmi við 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga. Fyrir liggur minnisblað með drögum að umsögn um athugasemdirnar. Jafnframt er lagt fram minnisblað frá málsaðila með frekari upplýsingum sem óskað var eftir á síðasta fundi ráðsins. Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Ráðið fór yfir umsagnirnar og samþykkir að gerðar verði lagfæringar á skipulagstillögunni í samræmi við fyrirliggjandi minnisblað og henni vísað til sveitarstjórnar til staðfestingar.

Samþykkt með 4 atkvæðum, 3 voru á móti (ÁMS, ÁHB og ÞÓ).

Fulltrúar V og L-lista (ÁMS, ÁHB og ÞÓ) leggja fram eftirfarandi bókun:

Veigamiklar athugasemdir við skipulagstillöguna bárust m.a. frá Landi og Skógi, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun. Fram kom skýr gagnrýni á umhverfisáhrif sem af framkvæmdinni mun hljóttast, þar með talið rask á votlendi. Því samþykkið við ekki skipulagstillöguna þó gerðar verði breytingar á henni í samræmi við meðfylgjandi minnisblað.